


VLR-009	<p>Verklagsreglur vegna afsagnar úr trúnaðarstörfum innan SHA</p>	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk


Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Reglurnar taka til afsagna forseta SHA, , alþjóðafulltrúa SHA, rekstrarstjóra SHA, samskiptafulltrúa SHA, hagsmunafulltrúa SHA, viðburðarstjóra SHA, formanna/forseta aðildarféлага SHA, og afsagna fulltrúa úr þeim nefndum og ráðum sem stúdentar skipa fulltrúa í innan Háskólans á Akureyri.

2. gr.

Framkvæmd afsagnar

Afsögn úr trúnaðarstörfum innan SHA skal send skriflega á framkvæmdastjórn sem staðfestir móttöku afsagnarinnar og tekur málið fyrir á næsta fundi stúdentaráðs SHA þar sem afsögn tekur formlega gildi. Segi aðili úr framkvæmdastjórn af sér skal stúdentaráð boða til félagsfundar um kjör í laus embætti innan tveggja vikna. Segi annar fulltrúi stúdenta sig frá trúnaðarstörfum skal framkvæmdastjórn bera upp tillögu að nýjum fulltrúa á næsta fundi stúdentaráðs.

Séu aðstæður slíkar að ekki sé hægt að tryggja móttöku skriflegrar afsagnar, t.a.m. vegna sumarleyfa eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna, skal erindið sent með tölvupósti á framkvæmdastjórn ásamt afriti á verkefnastjóra námssamfélags sem er falið það hlutverk að ganga úr skugga um að málið berist til stúdentaráðs fyrir næsta stúdentaráðsfund. Sé framkvæmdastjórn óstarfhæf getur 1/3 meðlima stúdentaráðs boðað stúdentaráðsfund innan tveggja sólarhringa.

VLR-009	<p>Verklagsreglur vegna afsagnar úr trúnaðarstöfum innan SHA</p>	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

3. gr.

Gögn félagsins

Eftir að stúdentaráð hefur fjallað um erindi afsagnar skal það fela framkvæmdastjórn að boða aðila máls á fund innan tveggja virkra daga eða eins fljótt og því verður við komið, þar sem fráfarandi aðili skal skila öllum þeim gögnum sem hann kann að hafa undir höndum og tilheyra félaginu. Meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

4. gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstöfum fyrir SHA ber að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.